

Nd. 87. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 46 19. maí 1930, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Bergur Jónsson, Bjarni Ásgeirsson, Gisli Guðmundsson.

1. gr.

3. gr. laganna breytist svo:

Í stað orðanna „allt að 1½ millj. kr.“ komi í báðum stöðum: allt að 3 millj. kr. Aftan við greinina bætist ný málgr., svo hljóðandi:

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal Bjargráðasjóðs, sjóðs Brunbótafélags Íslands, sjóðs Slysatryggingar ríkisins, svo og annara sjóða, sem eru undir umsjón ríkisins, skal að nokkrum hluta verja til að kaupa handhafavaxtabréf Fiskveiðasjóðs, og ákveður fjármálaráðherra árlega upphæðina.

2. gr.

2. málgr. 5. gr. hljóði svo:

Skipakaupalán mega nema allt að helmingi kaupverðs, þó ekki yfir 30000 kr. til eins lánþega. Veita má þó útgerðarsamvinnufélögum, sem stofnuð verða og rekin samkvæmt sérstökum lögum um slík félög, lán út á hvert skip, er nemi allt að $\frac{1}{3}$ kaupverðs. Félög þessi skulu sitja fyrir lánunum úr sjóðnum.

3. gr.

Við 6. gr. bætist stafliður c, svo hljóðandi:

Gegn 1. veðrétti í skipum útgerðarsamvinnufélaga, sem stofnuð eru og rekin samkvæmt sérstökum lögum um slík félög, allt að $\frac{1}{3}$ virðingarverðs, enda gangi þá veðréttur sjóðsins fyrir öllum tryggingum í skipunum, öðrum en lögveði.

Lán þessi séu auk þess tryggð með ábyrgð hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélags.

Greinargerð.

Samhljóða frumvarp þessu var flutt á síðasta Alþingi. Um ástæður visast til greinargerðar fyrir frv. til laga um útgerðarsamvinnufélög, sem lagt er fyrir Alþingi.